



**5.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga, kjörtímabilið
2018-2022, haldinn á bæjarskrifstofu Hveragerðis, 15.janúar kl.08:15.**

**Mætt: Eyþór H. Ólafsson formaður, Helgi S Haraldsson, Kjartan Björnsson,
Árni Eiríksson og Rakel Sveinsdóttir. Einnig sat fundinn Ingibjörg Garðarsdóttir
fjárhaldsmaður nefndarinnar.**

1. Húsnaðismál.

Lögð fram og kynnt úttektarskýrsla Eflu á húsnæðinu að Búðarstíg á Eyrarbakka. Samkvæmt henni er áætlaður kostnaður tæpar 175 millj. Næstu skref rædd og hvað skuli leggja fyrir fund Héraðsnefndar, sem kölluð verður saman til að ræða húsnæðismál, Héraðsskjolasafnsins og Byggðasafnsins. Ákveðið að skoða á milli funda, hvaða húsnæði er til sölu sem gæti hentað, hvað er áætlaður byggingakostnaður á húsnæði fyrir söfnin, hvað fengist fyrir núverandi húsnæði í Háheiði á Selfossi og Hafnarbrú á Eyrarbakka, hvað er til af eigin fé, hvaða styrkir gætu hugsanlega fengist í verkefnið og hvaða kostnaður fylgir lántökum vegna þessa. Þetta verði lagt fyrir næsta fund, þar sem stillt verði upp kynningu fyrir héraðsnefnd.

2. Alviðra/Laxabakki.

Eyþór kynnti bréf frá nýjum eigendum Laxabakka, við Sogið, í landi Öndverðarness, þar sem óskað er eftir veki og lóð vegna uppbyggingar hússins og fleiri framkvæmda. Bréfinu vísað til stjórnar Alviðru.

Fundi slitið kl. 09:40.

Helgi Sigurður Haraldsson ritaði fundargerð.

*Árin Þorláksson
Helgi S Haraldsson
Rakel Sveinsdóttir
Byggðasafn Íslenskum
Kjartan Björnsson*